



KENNARARÁÐ

YFIRLIT YFIR STÖRF RÁÐSINS STARFSÁRIÐ 2022-2023

23. ágúst 2023

EFNISYFIRLIT

KENningararáÐ	2
REGLUGERÐ UM HÆFNIRAMMA.....	3
HÆFNI Í ÍSLENSKU.....	3
STARFSÞRÓUN KENNARA OG SKÓLASTJÓRNENDA	3
LEIÐSÖGN UM MAT Á SÉRHÆFINGU KENNARA VIÐ RÁÐNINGU	3
ÞRÓUN OG ÁHERSLA Í MENNTAVÍSINDUM	4
FUNDIR OG MEÐLIMIR KENningararáÐS.....	4
MEÐLIMIR KENningararáÐS JÚNÍ 2023	5

KENRARÁÐ

Hlutverk kennararáðs er m.a. að¹:

- veita ráðherra ráðgjöf og leiðbeiningar um þróun hæfniramma með því að gera tillögu um innihald og endurskoðun reglugerðar um hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda,
- veita leiðbeiningar og ráðgjöf um útfærslu hæfniramma á grundvelli þessa kafla og reglugerðar skv. 8. gr.,
- veita ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og notkun hæfniramma við útfærslu og framkvæmd hennar,
- fylgjast með alþjóðlegri þróun og áherslum í menntavísindum og nýta við ráðgjöf um kennaramenntun og starfsþróun,
- veita leiðsögn um mat á sérhæfingu kennara við ráðningu,
- efla vitund um mikilvægi kennarastarfsins í samfélaginu.

Meginviðfangsefni kennararáðs fyrstu starfsárin sneru að fyrstu tveimur hlutverkum ráðsins. Kennararáð vann tillögu um innihald reglugerðar um hæfniramma og skilaði til mennta- og menningarmálaráðuneytis sumarið 2021. Reglugerðin tók gildi í desember 2022 ([nr. 1355/2022](#)).

Kennararáð var skipað frá 15. júní 2020 og er hvert skipunartímabil fjögur ár. Þriðja starfsári kennararáðs lauk sumarið 2023. Yfirlit þetta stiklar á stóru um helstu verkefni kennararáðs þriðja starfsárið.



¹ sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 95/2019.

REGLUGERÐ UM HÆFNIRAMMA

Farið var í sérstakar kynningar á reglugerð nr. 1355/2022 um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Kynningar voru haldnar fyrir Menntamálastofnun og undanþágunefnd kennara, Félag stjórnenda leikskóla, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í framhaldsskólum, Skólameistarafélag Íslands, fræðslustjóra/sveitarstjóra og mannauðsstjóra sveitarfélaga ásamt trúnaðarmönnum grunnskóla.

Prenn skrif birtust á opinberum vettvangi um hæfni kennara eins og hún birtist í hæfniramma. Í mars og apríl 2023 birtust greinar á visir.is um [hæfni kennara almennt](#) og um [hæfni kennara í íslensku](#). Í 1. tbl. Skólavörðunnar 2023 birtist grein um [almenna og sérhæfða hæfni kennara](#). Auk þess að vekja athygli á innihaldi nýútgefinnar reglugerðar voru skrifuð liður í því að efla þekkingu og vitund um mikilvægi kennarastarfsins.

Hæfni í íslensku

Sérstaklega er kveðið á um hæfni kennara í íslensku í 8. gr. [laga nr. 95/2019](#) og [reglugerð nr. 1355/2022](#). Kennararáð sendir frá sér minnisblað til mennta- og barnamálaráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis með tillögu um að móta viðmið um íslenskuhæfni starfsfólks leik-, grunn- og framhaldsskóla sem sinnir uppeldis- og kennslustörfum sem ekki hefur leyfisbréf til kennslu. Að auki var tillaga um að efla aðgengi og framboð leiða fyrir fólk til að auka hæfni sína í íslensku. Þá var lögð áhersla á að flýta vinnu við þróun og útgáfu á hæfnimiðuðu stöðumati.

STARFSÞRÓUN KENNARA OG SKÓLASTJÓRNENDA

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda er samofin gæðum skólastarfs. Kennararáð starfrækir faghóp um starfsþróun. Faghópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá háskólum, þremur frá Skólamálaráði Kennarasambands Íslands, einum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einum frá nýrri þjónustustofnun á sviði menntamála (nú Menntamálastofnun). Á starfsárinu voru hlutverk faghópsins skilgreind og hópurinn endurmannaður. Faghópur kennararáðs um starfsþróun hefur m.a. eftirfarandi hlutverk:

- a. Að fylgjast með hvernig starfsþróunarframboð tengist hæfniramma.
- b. Að meta þarfir kennara og skólastjórnenda fyrir starfsþróun.
- c. Að hafa yfirsýn yfir þróun og stefnumótun í starfsþróun.
- d. Að miðla upplýsingum til kennararáðs og taka við verkefnum þaðan.

LEIÐSÖGN UM MAT Á SÉRHÆFINGU KENNARA VIÐ RÁÐNINGU

Kennararáð rýndi leiðbeiningar Menntamálastofnunar um verklag við ráðningar kennara og skólastjórnenda á starfsárinu í samráði við Valgerði Rún Benediktsdóttur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Rýnin var gerð sérstaklega með reglugerð 1355/2022 til hliðsjónar. Í framhaldi sendi kennararáð tillögu til Menntamálastofnunar í maí 2023 um breytingar á leiðbeiningunum.

PRÓUN OG ÁHERSLA Í MENNTAVÍSINDUM

Kennararáð kynnr sér stöðugt þróun og áherslur í menntavísindum, til dæmis með lestri ýmissa innlendra og erlendra skýrsla og rita og með þátttöku í ráðstefnum og viðburðum. Kennararáð er meðlimur í [alþjóðasamtökum kennararáða](#) (IFTRA, *International Form of Teacher Regulatory Authorities*). Á fundum kennararáðs á starfsárinu fóru að auki fram eftirfarandi kynningar:

Efni	Aðili
Quint rannsóknarverkefnið	Birna María S. Svanbjörnsdóttir, Háskólanum á Akureyri
Áherslur Menntakviku 2022	Ellen Dröfn Gunnarsdóttir, Menntavísindastofnun HÍ
Ályktanir frá 8. þingi KÍ 2022	Jónína Hauksdóttir, Kennarasambandi Íslands
Starfsemi kennararáðs Skotlands	Kenneth Muir, fyrrum formaður skoska kennararáðsins GTC
Náttúrufræðikennarar – kennsluráðgjöf og faglegur stuðningur	Svava Pétursdóttir, Náttúrutorgi
Breytingar á skólalþjónustu og Menntamálastofnun	Þórdís Jóna Sigurðardóttir, forstjóri Menntamálastofnunar

FUNDIR OG MEÐLIMIR KENRARÁÐS

Fulltrúar í kennararáði eru frá Háskólanum á Akureyri (HA), Háskóla Íslands (HÍ), Listaháskóla Íslands (LHÍ), Kennarasambandi Íslands (KÍ), Menntamálastofnun (MMS), Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) og Skólameistarafélagi Íslands (SMÍ). Formaður og varaformaður eru skipaðir af mennta- og barnamálaráðherra. Þeirra varamenn eru starfsfólk mennta- og barnamálaráðuneytis. Á þriðja starfsári ráðsins fundaði það 11 sinnum. Á fundi starfsársins voru aðalmenn boðaðir. Varamenn hafa þó að jafnaði mætt í tilfellum forfalla. Mætingar á fundi kennararáðs má sjá hér.

	ÁGÚST 2022	SEPT 2022	OKT 2022	NÓV 2022	DES 2022	JAN 2023	FEB 2023	MARS 2023	APRÍL 2023	MAÍ 2023	JÚNÍ 2023
Formaður	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Varaformaður	✓	✓		✓		✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi HA	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi HÍ	✓		✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓		
Fulltrúi LHÍ	✓		✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi KÍ (1)	✓		✓		✓	✓	✓		✓	✓	✓
Fulltrúi KÍ (2)	✓	✓	✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓	
Fulltrúi KÍ (3)	✓		✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi MMS	✓	✓	✓	✓		✓		✓	✓		✓
Fulltrúi SÍS	✓	✓	✓	✓	✓		✓	✓	✓	✓	✓
Fulltrúi SMÍ	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	✓	

Meðlimir kennararáðs júní 2023

Tilnefnd af	Aðalmenn	Varamenn
Án tilnefningar	Birgir U. Ásgeirsson, formaður	Hrafnkell Tumi Kolbeinsson ¹
Án tilnefningar	Sonja Dögg Pálsdóttir, varaformaður	Sigríður Lára Ásbergisdóttir
Háskólanum á Akureyri	Guðmundur Engilbertsson	Kristín Dýrfjörð
Háskóla Íslands	Kristín Jónsdóttir ²	Rannveig Björk Þorkelsdóttir ³
Listaháskóla Íslands	Ingimar Ólafsson Waage	Gunndís Ýr Finnbogadóttir
Kennarasambandi Íslands	Jónína Hauksdóttir ⁴	Haraldur Freyr Gíslason ⁵
Kennarasambandi Íslands	Guðjón Hreinn Hauksson ⁶	Sigrún Grendal Jóhannesdóttir
Kennarasambandi Íslands	Mjöll Matthíasdóttir ⁷	Þorsteinn Sæberg
Menntamálastofnun	Ragnar Friðrik Ólafsson ⁸	Auður Bára Ólafsdóttir ⁹
Sambandi íslenskra sveitarfélaga	Svandís Ingimundardóttir ¹⁰	Svandís Svala Kristín Hreinsdóttir ¹¹
Skólameistarafélagi Íslands	Helga Kristín Kolbeins ¹²	Steinunn Inga Óttarsdóttir ¹³

¹ Tók við af Björgu Pétursdóttur 2022.

² Tók við af Freyju Hreinsdóttur 2022.

³ Tók við af Kristínu Jónsdóttur 2022.

⁴ Tók við af Önnu Maríu Gunnardóttur 2022.

⁵ Tók við af Guðjóni Hreini Haukssyni 2022.

⁶ Tók við af Haraldi Frey Gíslasyni 2022.

⁷ Tók við af Þorgerði Laufeyju Diðriksdóttur 2022.

⁸ Tók við af Guðnýju Ástu Snorrardóttur 2020.

⁹ Tók við af Ragnari Friðriki Ólafssyni 2020.

¹⁰ Tók við af Karli Frímanssyni 2022.

¹¹ Tók við af Svandísi Ingimundardóttur 2022.

¹² Tók við af Guðbjörgu Aðalbergisdóttur 2022.

¹³ Tók við af Kristni Þorsteinssyni 2022.

Starfsmaður kennararáðs: Gunnhildur Harðardóttir, Menntamálastofnun
(tók við að Ingileif Ástvaldsdóttur sumarið 2023).

Veffang kennararáðs: kennararad.is

Tölvupóstfang kennararáðs: kennararad@mms.is